

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/2464*  
*komudagur 14.5.2012*



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar – og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 11. maí 2012

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu, þskj. 1186 – 748. mál.**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu (hér eftir nefnt RÚV). Bandalagið gerir ekki athugasemdir við ákvæði frumvarpsins önnur en þau er snúa að starfsmönnum þess.

Í frumvarpinu er eingöngu gert ráð fyrir að setja skuli starfsreglur um réttindi starfsmanna fréttastofu og dagskrárgerðarmanna einkum varðandi skilyrði áminningar og brottreksturs, þar sem skal m.a. kveðið á um að málefnalegar ástæður þurfi ætíð að liggja að baki brottrekstri starfsmanns. BSRB tekur heilshugar undir þá tillögu en telur rétt að hún verði útvíkkuð á þann hátt að hún taki til allra starfsmanna RÚV. Ástæðan er einföld. Allir starfsmenn RÚV eru starfsmenn ríkisins og ber því að njóta sömu réttinda og þeir sem þar starfa. Sú afstaða BSRB hefur ekki breyst frá því RÚV var gert að opinberu hlutafélagi en þá mótmælti bandalagið harðlega breytingum á réttindum starfsmanna.

BSRB telur skjóta skökku við að réttindi starfsmanna RÚV séu því sem næst réttindum starfsmanna á almennum vinnumarkaði í ljósi þess að laun útvarpsstjóra eru háð ákvörðunarvaldi Kjararáðs. Hlutverk Kjararáðs er að ákveða laun og starfskjör æðstu embættismanna ríkisins sem talin eru upp í lögum um Kjararáð nr. 47/2006. Einnig á Kjararáð að ákveða laun og starfskjör annarra ríkisstarfsmanna sem svo er háttáð um að laun þeirra geti ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Enn sem áður er eini hluthafi RÚV íslenska ríkið. Vandséð er af hvaða ástæðum starfsmenn ættu ekki að njóta sömu réttinda og aðrir sem starfa á ríkisreknum vinnustöðum. Þá er vert að benda á að lög nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., gera sérstaklega ráð fyrir að upplýsingalög nr. 50/1996 gildi um starfsemi RÚV. Þar af leiðandi þurfa t.a.m. umsækjendur um störf hjá RÚV að búa við að nöfn þeirra séu birt á grundvelli laganna sem og að ávallt sé hægt að óska eftir upplýsingum um föst laun og föst kjör starfsmanna. Áréttáð skal að þær upplýsingar eru persónulegar upplýsingar sem almennt eru verndaðar skv. lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingalögin ganga fram og veita undanþágu frá vernd persónuverndarlaga.

Það verður ekki bæði haldið og sleppt í þessum efnunum. Það er fullkomlega óréttlátt að leggja eingöngu skyldur á herðar starfsmönnum RÚV en ekki veita þeim þau réttindi sem eiga að fylgja skyldunum.

Þá leggur BSRB eindregið að nefndinni að óska eftir upplýsingum um hve margir af þeim sem starfa í þágu RÚV séu ráðnir ótímabundið, tímabundið og í verktöku. Á undanförunum árum hefur bandalagið fengið upplýsingar um starfsmenn sem gerður hefur verið verktakasamningur við en við nánari skoðun hefur komið í ljós að viðkomandi er í raun gerviverktaki og ætti að njóta sömu réttinda og starfsmenn sem ráða sig til starfa með ráðningarsamningi. Ekki þarf að fara mörgum orðum um hve mikill munur er á réttindum verktaka annars vegar og launamanns hins vegar. Þó má nefna t.d. lágmarkskjör skv. kjarasamningum, framlag atvinnurekanda í lífeyrissjóð og viðbótarlífeyrissparnaðar, orlofsréttar og orlofsgreiðslna, launa í veikinda- og slysaförföllum, uppsagnarfrests og verndar og þjónustu stéttarfélagi. Við búum við þær aðstæður að mikill aðstöðumunur er á milli atvinnurekanda og þeirra sem starfa í hans þágu. Því er enn mikilvægara en áður að gæta að réttindum þeirra sem ekki eru í aðstöðu til véfengja réttmæti verktakasamnings telji þeir sig raunverulega vera launamenn enda þyrftu þeir þá sjálfir að standa einir í þeirri baráttu og standa straum af tilheyrandi kostnaði vegna málsins. Þá eru ónefnd rök um þau vandamál sem gerviverktaka hefur falið í sér varðandi innheimtu opinberra gjalda.

Fyrir hönd BSRB

*Helga Jónsdóttir*  
Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri